

Hákon Jensson

Garðrækt í Skriðuklaustri
-Nýsköpunarsjóður námsmanna 2004-



SKÝRSLUR SKRIÐUKLAUSTURSRANNSÓKNA VI

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
INNGANGUR	3
SKRÍÐUKLAUSTUR	4
KLAUSTURBYGGINGAR	4
UPPGRÖFTURINN	6
VINNA VIÐ UPPGRÖFTINN SJÁLFAN	7
NIÐURSTÖÐUR	9
FYLGISKJÖL	10
HEIMILDASKRÁ	11

Inngangur

Ég var ráðin á nýsköpunarstyrk sumarið 2004 sem starfsmaður Steinunnar Kristjánsdóttur fornleifafræðings sem skipuleggur og stjórnar fornleifauppgreftinum á klausturrústunum á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Vinnan fólst í því að komast að því hvort að hugsanlegt væri að klausturgarður, þar sem ræktaðar voru jurtir af ýmsu tagi, hefði verið í Skriðuklaustri eins og var í flestum öðrum evrópskum klaustrum á þessum tíma. Vinnan fólst bæði í því að skoða heimildir um Skriðuklaustur og önnur klaustur héraðs og erlendis, og einnig að vinna við uppgröftinn í tvo mánuði í tengslum við sýnatöku og uppgröft.

Ég hóf vinnu við þetta verkefni 17. maí við heimildarvinnuna. Vinnan fólst í því að afla upplýsinga um klaustur héraðs og erlendis, sem og sögu Skriðuklausturs almennt. Því miður taka engar íslensku ritheimildanna á því hvernig klaustur litu út áður fyrr á Íslandi. Aðeins eitt klaustur hefur verið grafið upp að hluta til á Íslandi, auk Skriðuklausturs, og er það Viðeyjarklaustur, en þar sem sá uppgröftur var aldrei kláraður er það mjög takmarkað hvað hann getur sagt okkur um klausturbyggingar á Íslandi. Varð ég því líka að leita í erlendar heimildir til að reyna að kynna mér hvernig klaustur hefðu verið uppbyggð.

Loks leitaði ég ummerkja um garðrækt í uppgröfnum gögnum frá Skriðuklaustri. Við söfnuðum einnig jarðvegssýnum meðan á uppgreftri stóð þar nýliðið sumar og unnum að frjókornagreiningum á að loknum uppgreftri. Því miður er svoleiðis ferli mjög tímafrekt. Þrátt fyrir tókst að láta greina nokkur sýnanna og eru niðurstöðurnar frekar athyglisverðar og koma þær fram í skýrslunni.

Skriðuklaustur

Skriðuklaustur er nafn á jörð í Fljótsdal og liggur hún á milli höfuðbólanna Valþjófsstaðar og Bessastaðar. Upphaflega nafnið á bænum var Skriða en undir lok 15. aldar var stofnað þar munkaklaustur. Klaustur þetta er það eina sem var stofnað í Austfirðingafjórðungi og jafnframt síðasta klaustrið sem var stofnað á Íslandi. Gömul helgisögn greinir frá kraftaverki sem hafi gerst á hjallanum og varð það þess valdandi að klaustur var stofnað þar. Presturinn á Valþjófsstað átti að hafa riðið út dalinn til að veita sjúkum sakramenti en þegar hann kom á staðinn fann hann hvorki kaleikinn né annað sem til þurfti til verksins. Var þá sendur maður til að leita að þessu og þjóðsagan segir að á þúfu fyrir neðan jörðina Skriðu hafi hann fundið kaleikinn fullan af víni og patínuna yfir honum með brauði á. Þetta á að hafa verið talið kraftaverk frá Guði og var byggð kapella þar og altarið staðsett þar sem þúfan var.¹

Samkvæmt rituðum heimildum var klaustur stofnað á Skriðu 1493 og tilheyrði það Ágústínusarreglu og var stjórnað af príor. Talið er líklegt að munkarnir hafi aldrei verið fleiri en sex við klaustrið og að þeir hafi meðal annars séð um kennslu. Á þeim tæpu 60 árum sem klaustrið var starfandi eignaðist það um 50 jarðir og hjáleigur sem urðu síðar eign konungsins þegar siðaskiptin urðu.²

Klausturbyggingar

Þar sem ekkert samanburðarefni er til um klausturrústir hérlendis verður að líta til erlendra heimilda til þess að ímynda sér hvernig klausturbyggingum hafi verið hagað á Íslandi. Viðeyjarklaustur var grafið upp að hluta á árunum 1987-1995 en rannsókninni var sem fyrr segir aldrei lokið. Einnig er verið að grafa upp Kirkjubæjarklaustur en fyrst núna í sumar hefur verið byrjað á klausturrústunum sjálfum því að nokkur yngri byggingarstig voru ofan á klausturrústunum þar.

Evrópsk klaustur voru oftast byggð samkvæmt mjög ströngum reglum kaþólskrar trúar. Allt klausturlíf, tíðargjörðir og fleira hefur því að líkindum lotið alþjóðlegum reglum sem Íslendingar fóru eftir og þess vegna líklegast að ganga út frá því að byggingarlag hafi

¹ Helgi Hallgrímsson 1999, bls. 34-36.

² Skriðuklaustur e.d.

verið með sama hætti og annarsstaðar í Evrópu.³ Þegar klausturbyggingar í nágrennalöndunum eru skoðaðar til samanburðar má sjá að þær hafa verið af ýmsum gerðum. Eitt eiga þær þó allar sameiginlegt að þær hafa verið byggðar í ferhyrning með garð í miðjunni. Klausturgarðurinn var oftast umlukinn litlum herbergjum sem öll þjónuðu ákveðnum hlutverkum innan klaustursins. Garðurinn var miðpunktur klaustursins en í herbergjunum var unnið, sofíð og matast. Herbergin báru öll latnesk heiti eftir því hvaða hlutverki þau gegndu en stærð þeirra hefur líklega einnig mótast af því. Þessi herbergi voru mismörg og fór það eftir stærð klaustranna en í flestum klausturbyggingum voru þó:

-dormitorium, en það var svefnherbergi klausturbúanna og var það oftast ein stærsta vistavera klaustursins.

-capitulum: samkomusalur klausturbúanna.

-parlatorium: var samtalsherbergi

-armanium: var bókasafn.

-refectorium: var borðsalur

-lavatorium: var baðherbergi.⁴

Þau klaustur sem voru í Skandinavíu voru yfirleitt byggð úr steini en hins vegar er nokkuð öruggt að klaustrið í Viðey hafi verið byggt úr torfi og grjóti eins og algengast var á Íslandi á miðöldum. Þrátt fyrir að byggingarefnið hafi ekki verið það sama á Íslandi og erlendis þá þarf það ekki að breyta því að reglum kirkjunnar um gerð og stefnu húsa. Til dæmis er hægt að taka sem dæmi klaustur í norður Noregi, Seljaklaustur sem var byggt úr timbri, en þrátt fyrir það hefur þetta klaustur sama form og önnur þekkt klaustur á Norðurlöndunum, byggt í ferhyrning í kringum garð klaustursins.⁵

Ýmsar reglur gátu verið í klaustrunum og nokkuð breytilegt var milli klausturregla hve mikilvægt var að fylgja þessum reglum. Á Norðurlöndunum voru klaustrin af Benediktsreglu, Ágústínusarreglu, Cisterciensareglu, Fransiskanareglu, reglu Dominikana og fleiri en hér á Íslandi voru klaustrin aðeins af reglum heilags Benedikts og Ágústínusar.⁶

³ Steinunn Kristjánsdóttir 1996, bls. 36.

⁴ Kulturhistorisk leksikon 1963, bls. 528-529.

⁵ Steinunn Kristjánsdóttir 1996, bls. 40-41.

⁶ Steinunn Kristjánsdóttir 1996, bls. 36-38.

Uppgröfturinn

Árið 2000 var gerð forkönnun á jörðinni Skriðuklaustri til þess að staðsetja klausturrústirnar. Voru það aðallega tveir staðir sem komu til greina en það var bæjarstæði gamla Skriðubæjarins og síðan Kirkjutúnið svokallaða þar sem kirkjurústin liggur. Þegar þetta hafði verið ákveðið voru könnunarskurðir teknir og svæðin tvö mæld með jarðsjá. Samkvæmt niðurstöðum könnunarskurðanna og jarðsjármælinganna var Kirkjutúnið líklegri staður og voru gjóskulögin notuð til tímamælinga. Rétt ofan við gjóskulag frá 1477, úr Veiðivötnum, voru miklar rústir sem hafa staðið á klausturtímanum á Kirkjutúninu og voru taldar vera klausturrústirnar.⁷

Sumarið 2004 var þriðja ár fornleifarannsóknna á Skriðuklaustri. Reiknað er með að rannsóknin standi yfir til 2006 en áætlun hennar miðar að því að grafa upp rústir klaustursins sem var stofnað 1493 og starfrækt til siðaskipta. Grafið er tvo mánuði á ári hverju í kringum 20. júní - 20. ágúst en síðan eru veturnir notaðir til úrvinnslu og frágangs gagna.⁸ Hvert sumar hafa verið opnuð fjögur svæði og hafa því verið opnuð tólf 35 fermetra svæði í allt. Hafa verið opnaðir 420 fermetrar af þeim 1200 sem áætlað er að klausturrústirnar nái yfir. Má þó geta þess að á nokkrum þessara svæða hefur uppgreftri verið lokið. Nokkrar vistarverur hafa verið grafnar upp og þeir veggir sem hafa komið í ljós eru allir sömu gerðar og þykir því líklegt að þessar vistarverur hafi allar verið byggðar á sama tíma. Veggirnir eru byggðir úr torfi og grjóti og nær þykkt þeirra yfir allt að 2 metrum þar sem þeir eru þykkastir.⁹

Við uppgreftinn hafa því komið í ljós þrjár afmarkaðar vistarverur og gangur sem tengir þær saman, auk kapellu og kirkjugarðs. Kapellan er það sem hefur þó komið mest á óvart í uppgreftinum því ekki var vitað að sér kapella hefði verið í klaustrinu vegna þess að klausturkirkja var þar. Mjög hefur verið vandað til þessara bygginga og eru veggirnir bæði þykkir og traustir. Líklegt er að klaustrið hafi staðið á tveimur hæðum eða að undir þeim hafi verið kjallari.¹⁰

Kapellan sem fannst var í norðurenda rústanna var þiljuð að innan og með hellulögðu gólf. Gangur liggur frá kapellunni að rúst klausturkirkjunnar sem liggur syðst á rannsóknarsvæðinu. Báðum megin við ganginn eru herbergin fjögur og annar gangur sem liggur undir svæði sem á eftir að grafa upp. Í einum af þessu fjórum herbergjum fannst ofn og einnig nokkur ummerki um að skriftir hafi verið stundaðar þar og hugsanlega bókagerð. Í

⁷ Steinunn Kristjánsdóttir 2001, bls. 130-135.

⁸ Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 4.

⁹ Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 8-9.

¹⁰ Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 23.

öðru herbergi fundust tveir seyðir og líklegt þykir að þeir hafi verið notaðir til blekgerðar. Þriðja rýmið er svo kapellan og ekki er vitað hvað fjórða rýmið var.¹¹

Á miðju heildarrannsóknarsvæðinu hefur komið í ljós opið rými sem hugsanlega er að klausturgarðurinn hafi verið. Þarna eru grafir og var ein grafín upp árið 2003. Í henni voru bein af 12 ára gömlu barni. Sumarið 2004 voru grafnar upp fleiri grafir þarna en ekki er búið að greina beinin nánar.¹²

Vinna við uppgröftinn sjálfan

Þann 24. júní hóf ég vinnu við sjálfan uppgröftinn á Skriðuklaustri og vann til 20. ágúst. Fjöldi starfsmanna þarna var um 20 manns allt í allt, en þó aldrei fleiri en 15 manns í einu. Í nokkur skipti komu sjálfboðaliðar sem unnu einn dag eða lengur.

Þetta sumar voru opnuð fjögur ný svæði og nokkur eldri svæði kláruð, þ.a.m. innan klausturgarðsins. Það sem grafið hefur verið af klaustrinu hingað til bendir til þess að klaustrið hafi verið byggt eins og önnur evrópsk klaustur á þessum tíma, með klausturgarði í miðjunni, en möguleiki er líka að hann hafi verið við hliðina á kirkjunni.

Við tókum þónokkuð af jarðvegssýnum í sumar til þess að láta greina frjókornin í þeim. Við notuðum til þess járnbor og stungum við honum niður í jörðina til þess að taka sýnin. Þannig gátum við tekið sýni úr 20 cm í einu og reyndum að fara frá yfirborði niður fyrir landnámslagið þar sem hægt var. Mikið af gjóskulögum er þarna fyrir austan og notuðum við þau til að tímasetja jarðvegssýnin sem við tókum. Alls tókum við sýni á níu stöðum en allavega tvö þeirra voru gagnslaus vegna þess að þau voru úr grafarfyllingu. Einnig reyndum við að taka jarðvegssýni um 100-150 metra norðan við rústirnar til að fá samanburð og reyndist bara vera gras þar enda stendur tún þar núna. Aftast í þessari skýrslu er teikning af því hvar þessi frjókornasýni voru tekin.

Ekki reyndist mögulegt vegna tímaskorts að fá nákvæma frjókornagreiningu á þeim sýnum sem við tókum í sumar en stikkprufur voru teknar og kom nokkuð vel út sem var tekin norðan við klaustrið. Niðurstöður úr þessari frjókornagreiningu voru fyrir margar sakir merkilegar og eru þær birtar hér fyrir neðan (tafla 1). Greiningin var gerð af Ragnheiði Erlu Bjarnadóttur fornleifafræðingi og grasafræðingi og aðstoðaði ég hana við vinnslu sýna og talningu frjókorna.

¹¹ Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 23-24.

¹² Steinunn Kristjánsdóttir 2004, bls. 24.

Latneskt heiti	Íslenskt heiti	Klausturplanta	Annað	Sýni 1 A	Sýni 1 B	Sýni 1 C	Sýni 7 C	Sýni 8 A	SUM
Koeniga Islandia			íslensk		1				1
Gras			íslensk	7	62	19	63	67	218
Hvítsmári			íslensk		1				
Stör			íslensk	15	71	15	23	41	165
Saxifraga granulata	Kornsteinbrjótur		slæðingur		1				1
Allinum	Laukur	já	mjög sjaldgæf		3				3
Juniperus (einir)			íslensk		5		5		10
Panta pornto serastium					2				2
Capsella bursa-pastoris Hornigna (hjartaarfi)	Hjartaarfi		íslensk		1				1
Cichorium itnybus (fifill)	Kaffififill???	já - en viðkvæmur		1	4	2		2	9
Urtica dioica Notica nioica (nettla)	Brenninetla	já	mj. sjaldg.		13		22	1	36
Potamon-geton subgenius cologeton	??nykrur		Tegund???		1				1
Aster type	Körfulblómaætt	?	smög stór ætt, margar ísl.		1			7	8
Cerastium	Fræhyrna t.d vegarfi		íslensk		1				1
Plantago major	Græðisúra	já	slæðingur alg.		1			1	2
Scabiosa	Ekkjublóm?? - stúfuætt		skrautplanta? - stúfa íslensk		1				1
Brjóstagrass Thalictum (alpinum)	Brjóstagrass		íslensk		1		2		3
Galium	Maðra		íslensk				1		1
Rhinanthus minor (peningablóm)	Lokasjóður-peningagrass		íslensk			2		2	4
Lyng			íslensk				1		1
Sóley Ranunculus			íslensk					1	1
Betula	Birki		íslensk					9	9
Sensitium type ??? Cerastium	Fræhyrna t.d vegarfi		íslensk				1	1	2
Ógreinanlegt				1	7	5	6	3	22
				24	177	43	124	135	502

Sýni 1 A - eftir
klausturtíma
Sýni 1 B - klausturtími
Sýni 1 C - fyrir
klausturtíma og eftir
landnámsbúsetu
Sýni 7 C – eftir
klausturtíma
Sýni 8 A - klausturtími

Tafla 1. Niðurstöður frjókornagreiningarar.

Sýni 1 B skilaði mestum árangri og merkilegustu niðurstöðunum. Það var tekið rétt ofan við gjóskulagið frá 1477 og sýnir mikla breytingu á gróðurfari samanborið við sýni frá því fyrir gjóskulagið. Mikið fannst þar af frjókornum af jurtum eins og allinum, scabiosa plantago major og fleiri sem voru notaðar til lækninga. Bendir þetta til að einhvers konar ræktun hafi átt sér stað á klausturtímanum. Sýni 1C var tekið undir gjóskulaginu frá 1477, þ.e. fyrir klausturtímamann, og sýndi það fram á gróðurvana tímabil á þessu svæði. Sýni 1A er svo tekið aðeins eftir að klausturtímanum lýkur og virðast frjókorn klausturtímans hverfa aftur án þess að gjóskulag eða önnur sýnileg ástæða sé fyrir því. Þó er vert að benda á að það þarf að gera enn nákvæmari frjókornagreiningu til þess að geta fullvissað sig á því að klausturgarður hafi verið á staðnum en þessar vísbendingar benda þó til þess.

Í lokin má benda á það að teknar voru upp 18 grafir á Skriðuklaustri í sumar. Greining á beinunum er hafin og bera þau öll merki alvarlegara sjúkdóma. Hugsanlegt er því að klaustrið hafi verið griðastaður fyrir sjúka, jafnvel hospital, og að fólki hafi verið hjúkrað þar að einhverju leyti og síðan verið jarðað þar. Frjókornagreiningin styður þessa kenningu vegna þeirra lækningajurta sem ræktaðar hafa verið í klaustrinu.


Niðurstöður

Niðurstöður verkefnsins, sem miðaði að því að kanna hvort ræktun hafi farið fram í klausturgarðinum á Skriðuklaustri, eru mjög athyglisverðar. Þar sem ekki búið er að grafa upp klaustrið í heild sinni er ekki enn hægt að sjá hvernig klaustrið hefur verið byggt.

Niðurstöður frjókornagreiningarinnar benda til þess að töluverð breyting hafi orðið á gróðri eftir að gjóska féll þar úr gosi í Veiðivötnum árið 1477, skömmu áður en klaustrið var byggt á staðnum. Áður en gjóskulagið féll árið 1477 var mikið af grasi á svæðinu en fljótlega eftir það bætist við mikið af jurtum sem ef til vill hafa verið notaðar til lækninga. Eftir klausturtímamann virðast þær hverfa að miklu leyti og grasið kemur þá aftur. Þetta bendir ótvírætt til þess að einhvers konar garðrækt hafi farið fram á tímum klaustursins og þegar klaustrið lagðist af þá hafi jurtirnar smá saman dáið út og ræktun dregist saman til muna.

Fylgiskjöl

Staðsetning frjókornasýna.



Heimildaskrá

Helgi Hallgrímsson (1999, 18. desember). „Skriðuklaustur. Höfuðbólin þrjú í Fljótsdal II. Lesbók Morgunblaðsins. Bls. 34-36.

Kulturhistorisk leksikon, for nordisk middelalder fra vikingetid til reform (1963). VIII, Reykjavík.

Skriðuklaustur. (e.d.). *Skriðuklaustur*. Sótt 20. september 2004 af slóðinni <http://www.skriduklaustur.is/is/sida/skriduklaustur/klaustur.htm>

Steinunn Kristjánsdóttir (1996). *Viðey – trúarheimar mætast*. Áfangaskýrsla Viðeyjarransókna 1995. Skýrslur Árbæjarsafns. Reykjavík: Árbæjarsafn.

Steinunn Kristjánsdóttir (2001). Klaustrið á Skriðu í Fljótsdal, hvers vegna fornleifarannsókn. *Múlabing*, 28. Ritstjórar Finnur N. Karlsson og Skarphéðinn Þórisson. Héraðsnefnd Múlnasýsla, Egilsstöðum, bls. 129-139.

Steinunn Kristjánsdóttir (2004). *Skriðuklaustur – hýbýli helgra manna*. Áfangaskýrsla fornleifarannsóknna 2003. Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.